



Lífsleikni

Námsgrein / Heildstætt verkefni:

Tímabil: Ágúst 2022 - júní 2023

Námsmarkmið sem unnið verður með:

Uppeldi til ábyrgðar er uppeldisstefna Grundaskóla. Stefnan leggur áherslu á að kenna jákvæð samskipti, sjálfsstjórn og sjálfsaga. Aðferðin leggur áherslu á að hver og einn þekki styrkleika sína og ýtir undir hæfni einstaklingsins til að taka ábyrgð á eigin orðum og gjörðum. Sjá nánar á <https://www.grundaskoli.is/is/skolinn/uppeldi-til-abyrgdar>

Hugarfrelsi. Nemendur fá virkan tíma til slökunar. Markmiðið er að kenna aðferðir til að slaka á líkamanum og róa hugann. Æfingarnar geta hjálpað nemendum að vinna á tilfinningasveiflum svo sem kvíða, ótta og reiði en einnig til að auka jákvæðni, samkennd, vináttufærni og tilfinningagreind.

Að nemendur styrki sjálfsmynd sína með þjálfun á framkomu, leiklist, upplestri og fái tækifæri á að koma fram á sviði.

Verkefni:

Mitt og þitt hlutverk
Persónulegir styrkleikar
Bekkjarfundir
Bekkjarsáttmáli
Að bera ábyrgð á eigin hegðun
Slökun
Líkamsæfingar og öndun

Námsefni/kennslugögn:

Námsefni frá kennara.
Gögn tengd *Uppeldi til ábyrgðar*.
Gögn tengd *Hugarfrelsi*.

Námsmat

Munnleg endurgjöf og símat í daglegu skólastarfi.
Munnleg endurgjöf í foreldraviðtölum febrúar.
Skrifleg umsögn í lok skólaárs.

